



Velferðarnefnd

Fundargerð 7. fundar velferðarnefndar Langanesbyggðar mánudaginn 11. desember 2017. Fundurinn er haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar og hófst kl. 15:00.

Mætt voru: Jón Gunnþórsson, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Ránar Jónsson, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Forföll tilkynntu Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir og Valgerður Friðriksdóttir.

Formaður spurði hvort athugasemd væri gerð við fundarboð. Svo var ekki og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Íþróttamiðstöðin Ver

Eypór Atli Jónsson forstöðumaður Vers mætti á fundinn og fór yfir helstu mál vegna reksturs Vers, breytingar eftir að mötuneyti skólans fer þaðan um áramót, stækkun íþróttasalar o.fl. Einnig rætt um tímaúthlutun, fasta tíma og verðskrá. Hann lagði fram yfirlit um úthlutaða tíma sem er í gildi núna, þ.e. fasta tíma skólans og tíma sem úthlutað er til annarra.

Eypór vék af fundi kl. 15:40.

2. Frístundastyrkir 2018

Minnisblað með drögum að vinnureglum lagðar fram. Nefndin leggur til að sveitarstjórn samþykki framlagðar vinnureglur nefndarinnar um úthlutun frístundastyrks fyrir árið 2018. Einnig er lagt til að styrkjakerfið verði auglýst og kynnt íbúum eftir að fjárhagsáætlun Langanesbyggðar 2018 hefur verið samþykkt í sveitartjórn.

Samþykkt samhljóða.

3. Erindi frá áhugahópi um skotíþróttir lagt fram

Nefndin fagnar framkominni hugmynd og leggur til að starfsemi verði fundinn staður í nágrenni Þórshafnar. Nefndin leggur áherslu á að fyllsta öryggis verði gætt við skipulags svæðis af þessu tagi og leitað verði umsagnar þar til bærra yfirvalda. Enn fremur leggur nefndin til að gert verði að skilyrði að formlegt félag verði stofnað vegna þessarar starfsemi og að það verði innan íþróttahreyfingarinnar.

4. Aflið samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi, dags. 25. sept. 2017

Lagt fram erindi frá Aflinu samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldis, um kynningu á starfsemi samtakanna. Farið er fram á kr. 40.000 styrks til samtakanna. Nefndin samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að samið verði við samtökin um styrk gegn fræðslu fyrir starfsfólk og eldri bekkir Grunnskólans á Þórshöfn og greiddur verði kostnaður vegna þess.



5. Önnur mál

5.1. Mæting nefndarmanna. Nefndin óskar eftir því við sveitartjóra að rætt verði við oddvita Svalbarðshrepps og Langanesbyggðar um mætingu nefndarmanna.

5.2. Verkefnaskrá nefndarinnar. Rætt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:40.